

ÍTR netfang

From: Ivar.Vincent.Smarason@reykjavik.is
Sent: miðvikudagur, 10. mars 2021 13:23
To: ÍTR netfang
Cc: Helga Björnsdóttir; Inga María Leifsdóttir
Subject: Fw: BORGARRÁÐ 4. mars 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um uppbyggingu á fleiri sjóbaðsstöðum - R21030043

Sent to GoPro Case: -1

Tilvísun í mál: R21030043

Sæl

Meðfylgjandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um uppbyggingu á fleiri sjóbaðsstöðum er send menningar-, íþróttá- og tómstundaráði til meðferðar.
Í samræmi við breytt verklag við fundi borgarráðs er fyrirspurnin nú á forræði menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs og leggja skal svarið fram á þeim vettvangi þegar það er fullunnið.
Ekki þarf að upplýsa borgarráð um frekari vinnslu málsins.

Kveðja,

Ívar Vincent Smárason
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
Ivar.Vincent.Smarason@reykjavik.is

R21030043

BORGARRÁÐ 4. mars 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um uppbyggingu á fleiri sjóbaðsstöðum - R21030043

BORGARRÁÐ 4. mars 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um uppbyggingu á fleiri sjóbaðsstöðum - R21030043

Tillaga Flokks fólksins að skoðað verði með að opna aðstöðu fyrir sjósund á fleiri stöðum á höfuðborgarsvæðinu vegna aukins áhuga almennings. Þetta má gera án þess að raska fjörum. Það sem þarf er sturtu- búningsaðtaða og heitur pottur. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að Íþróttá- og tómstundaráð skoði með að opna aðstöðu fyrir sjósund á fleiri stöðum á höfuðborgarsvæðinu vegna aukins áhuga almennings. Talað hefur verið um aðstöðu við Laugarnestangann og við Geldinganes. En meðan verið er að skoða fleiri möguleika á staðsetningu fyrir sjóböð er tilvalið að lengja opnunartímann í Nauthólsvík, þar sem þegar er til staðar frábær aðstaða fyrir sjósundsfólk. Þar þarf að vera opið alla daga vikunnar.